

**74. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
þriðjudaginn 27. janúar 2026, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Axel Sæland, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035

Staðsetning dælustöðvar, lagnaleiðir

Farið var yfir mögulegar sviðsmyndir að lagnaleiðum og staðsetningu á dælustöð. Samþykkt að vinna frekari gögn.

2. Söfnunartankur fyrir kalt vatn við Laugarvatn - 2509017

Kaldavatnsöflun við Laugarvatn, staða

Tankar fyrir miðlun á köldu vatni eru komnir í framleiðslu. Áætlaður framleiðslutími er 2-3 mánuðir. Vinna við að setja upp plan fyrir tankana hefst á næstu vikum. Áætlað er að unnt verði að koma tönkunum fyrir og tengja í vor.

3. Ljósleiðaravæðing Bláskógaveitu - 2503037

Staða undirbúnings framkvæmda

Stefnt er að fundi með verkefnastjóra á næstu dögum vegna áfangaskiptingar og verðkönnunar/útboðs.

4. Ljósleiðaratenging Borgarás - 2601044

Undirbúningur lagningar ljósleiðara í Borgarás, staða

Lagður verður ljósleiðari í Borgarás á árinu. Sviðsstjóra er falið að undirbúa verðkönnun/útboð.

5. Gatnagerð Kotstún - 2601045

Verðkönnun vegna gatnagerðar við Kotstún

Sviðsstjóra er falið að senda út verðkönnun vegna Kotstúns og Fálkamýrar.

6. Gatnagerð Fálkamýri - 2601046

Verðkönnun vegna gatnagerðar við Fálkamýri

Í tengslum við endurbætur á Laugarvatnsvegi mun Vegagerðin loka stút að hesthúsasvæðinu, enda er núverandi staðsetning ekki í samræmi við skipulag. Samþykkt er að uppfæra

verðkönnunargögn þannig að miðað verði við aðkeyrslu eins og gert er ráð fyrir í skipulagi. Verðkönnun verði send út að því loknu, samhliða verðkönnun fyrir Kotstún.

7. Sláttuútboð, Laugarvatn - 2601047

Tillaga um að sláttur á Laugarvatni verði boðinn út.

Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að bjóða út slátt og hirðingu á Laugarvatni.

Heimild til framlengingar á núverandi samningi verði ekki nýtt.

8. Starfsmannahald Bláskógaveitu - 2601049

Ráðning veitustjóra

Fyrir liggur að veitustjóri láti senn af störfum. Framkvæmda- og veitunefnd felur sviðsstjóra að auglýsa stöðu veitustjóra lausa til umsóknar.


Fundi slitið kl. 14:10.




Stefanía Hákonardóttir



Helgi Kjartansson




Axel Sæland



Ásta Stefánsdóttir



Benedikt Skúlason



Kristófer Arnfjörð Tómasson